Sþ. **461. Tillaga til þingsályktunar**

um ríkisábyrgð fyrir Siglufjarðarkaupstað til byggingar síldarverksmiðju.

(Eftir fyrri umr.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir Siglufjarðarkaupstað 1000000 kr. lán til endurbyggingar síldarverksmiðjunni Rauðku gegn 3. veðrétti í verksmiðjunni á eftir 1. og 2. veðrétti, samtals að fjárhæð 3,5 millj. kr. Nú fer kostnaður við endurbygginguna fram úr 5 millj. kr., og er þá ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast viðbótarlán í þessu skyni, þó ekki yfir 500 þús. kr., gegn sama (3.) veðrétti, enda fari fjárhæð sú, sem ríkið ábyrgist, eigi fram úr 25% af stofnkostnaði.